

135

30. gr.

8. ágúst

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðar-ráðherra.

Sérstakt ákvæði.

Þá er samþykkt þessi, og þar með skipting sambandsins í samþykktarsvæði, hefur hlotið staðfestingu, getur hvert ræktunarsvæði innan þess ramma, er heildar-samþykkt þessi markar, sett sér ræktunarsamþykkt að eigin frumkvæði.

Ber að haga samþykkt að öllu í samræmi við fyrirmæli laga nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð frá 20. febr. 1946, um jarðræktarsamþykktir, svo og samþykkt þessa.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

136

REGLUGERÐ

8. ágúst

um holræsi í Húsavíkurbreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að, eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem vatnsveitunefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kaupsinsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast vatnsveitunefnd eða maður, sem hreppsnefnd felur það, undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald, um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 600.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 200.00 fyrir hverja íbúð í húsinu umfram eina.

Verksmiðjur, sölubúðir, baðhús, þvottahús, iðnfyrirtæki o. fl. þ. h. greiða í tengigjald kr. 600.00.

Auk tengigjalds af hverri húseign, sem tengd er við holræsakerfi hreppsins, skal húseigandi greiða í árlegt holræsagjald til hreppsins kr. 25.00 af hverju húsi og enn fremur 5% af fasteignamati húsanna.

4. gr.

136

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjald, getur hreppsnefndin hækkað og lækkað eftir ástæðum, um allt að 50%. 8. ágúst

5. gr.

Húseigendur hera ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkv. reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní ár hvert.

6. gr.

Ákvæði 1. og 3. greinar reglugerðar þessarar ná til holræsa þeirra, er hreppurinn lét leggja 1945 sem og Búðarárræsis.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1947.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins Haraldssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. ágúst 1947. 137

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Kristins Haraldssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður með 300 króna gjöf frá fjölskyldunni í Bakkagerði og félögum í U.M.F. Þorsteinn Svörfuður.